



Til:
Efni:
Upplýsingar:

birgir@ry.is
Re: Fw: 1305001 - Endurskoðun aðalskipulags Rang ytra
Sent: 16.11.2018 14:14:28 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018090017, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018090017

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 19. september sl., þar sem gefinn er kostur á að skila inn athugasemdum við tillögu að Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2018 sem er endurskoðun á aðalskipulagi fyrir árin 2010-2022. Beðist velvirðingar á hvað dregist hefur að skila inn umsögn.

Samkvæmt 68. gr. laga um náttúruvernd er lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar eftirfarandi þegar um er að ræða skipulagsáætlanir: „**Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.**” Almennt hefur löggjafinn því ekki gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun sé lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga sem m.a. endurspeglast í því að stofnunin hefur ekki haft mannafla til að sinna öllum skipulagserindum sem til hennar berast. Stofnunin hefur því reynt að forgangsraða erindum sem hún svarar ef þau falla ekki beint undir lögbundið hlutverk hennar.

Innan Rangárþings ytra eru mörg svæði sem vegna náttúrufars hafa mikið verndargildi og því mikilvægt að skipulagið sé lagað að því. Við yfirferð á gögnum í skipulagsvinnunni er ekki annað að sjá en að þau séu að flestu leiti í samræmi við t.d. lög um náttúruvernd s.s. að vel er farið yfir náttúrufar og náttúruverndarsvæði o.s.frv. Umfjöllun er t.d. um náttúruverndarsvæði á bls. 56-58 í greinargerð og óþarft að fara yfir það hér. Hvað framhald skipulagsins varðar þá munu væntanlega allar breytingar á náttúruverndarsvæðum sem kalla á deiliskipulag koma til umsagnar Náttúrufræðistofnunar sbr. framangreint ákvæði í lögum um náttúruvernd.

Í greinargerð með aðalskipulaginu, Forsendur og umhverfisskýrsla, er að finna yfirlit yfir náttúrufar í sveitarfélaginu og margt fleira s.s. náttúruvá, veiðar, ferðaþjónusta, þjóðlendumál, íbúapróun, tengsl við aðrar stefnur eins og Landsskipulagsstefnu o.s.frv. Þar er m.a. komið inn á náttúruminjaskrá, sjá síðar. Á bls. 41 og 42, sjá einnig kort á bls. 42, er lögð fram landslagsgreining út frá gildi náttúrufars á þeim. Greiningin byggir á aðferðafræði sem er lýst í kafla 4 bls. 12-18 í skýrslunni, Rangárþing ytra, Ferðamá, 17.10.2017. Á bls. 12 segir m.a. „Helstu gögn sem notuð eru við flokkun svæðisins í deilissvæði eru m.a. gervitunglagögn og önnur myndgögn, vistgerðarkort, Corine-flokkun, kortlagning jarðvegsrofs á Íslandi, jarðfræðikort, gróðurkort, auk staðþekkingar sem nýtt er eftir því sem kostur er.” Einnig er viðmiðum fyrir hvert viðfang lýst s.s. mikil tegundafjölbreytni, sjaldgæfar tegundir og öðrum viðmiðum fyrir jarðminjar, viðerni og landslag. Vegna tímaskorts getur Náttúrufræðistofnun því miður ekki farið yfir þessa greiningarvinnu með það að markmiði að meta niðurstöðu vinnunnar. Í þeim gögnum sem fylgja skipulaginu er t.d. ekki að finna hvaða aðferðafræði var beitt á þau gögn sem lögð voru til grundvallar til að fá þær niðurstöður sem eru birtar með skipulaginu. Einkunnagjöfina er hægt að sjá en ekki hvaða tölugildi eða mat á t.d. vistgerðum eða tegundum liggja til grundvallar einkunnagjöfinni. Rétt er einnig að taka fram að þessi greining virðist taka mikið mið af ferðaþjónustu.

Náttúruminjaskrá

Í framhaldi af því sem segir hér að framan um náttúruminjaskrá og flokkun á landi þá er það þannig samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013, sem tóku gildi í lok árs 2015, að ráðherra, 13. gr. laganna, gefur út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Samkvæmt framangreindu er það framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, B-hluti, sem leggja skal fram sem tillögu til þingsályktunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þegar það hefur verið gert í fyrsta sinn skal ráðherra gefa út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti, 33. gr., en engu að síður má birta nýskráningar í skrána hvenær sem er og ákvarðanir um friðlýsingu og friðun. Samkvæmt bráðbirgðaákvæði skal endurskoða náttúruminjaskrána í heild fyrir

árslok 2021. Friðlýstar náttúruminjar eru á A-hluta, B-hluti er framkvæmdaáætlun (það sem lagt er til að vernda/friðlýsa hverju sinni) og C-hluti eru aðrar náttúruminjar (sem eftir atvikum fara t.d. á B-hluta) þ.e. C-hluti samsvarar þeim náttúruminum sem hafa númer (aðrar náttúruminjar) á núverandi náttúruminjaskrá og réttaráhrif svipuð. Í viðauka í náttúruminjaskrá skal síðan vera skrá yfir þær náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna.

Í 13. gr. laga um náttúruvernd segir m.a. að Náttúrufræðistofnun Íslands annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um skráningar í hann í samráði við fagrað náttúruminjaskrár, sbr. 15. gr., sem og tillögur um minjar sem ástæða þykir til að setja á framkvæmdaáætlun.

Fyrir á þessu ári sendi Náttúrufræðistofnun umhverfis- og auðlindaráðherra fyrstur tillögur stofnunarinnar að svæðum sem stofnunin leggur til að njóta verndar og verði settar á B-hluta náttúruminjaskrár. Fyrstu tillögurnar eru fyrst og fremst tillögur um vernd vistgerða og búsvæða fugla og auk þess er lagt til að vernda nokkrar jarðminjar. Þessar tillögur og útskýringar á þeim má finna hér:

<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> . **Vakin er sértök athygli á því að hér er um faglegar tillögur Náttúrufræðistofnuna að ræða sem eiga eftir að fara í formlegt ferli skv. 36. gr. laga um náttúruvernd.** Á þessu stigi segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. **Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.** Náttúrufræðistofnun vill sértaklega benda á að tillögur stofnunarinnar (fyrir landið í heild) miða að því að mynda skipulegt net verndarsvæða (fyrir lífríki og jarðminjar (sem þó er ekki eins langt komið)) og geta hlutar tillagnanna skarst við eða verið innan svæða sem nú eru vernduð en eru sem sagt hluti af neti verndarsvæða, t.d. vistfræðilegu neti fyrir lífríki. Gert er ráð fyrir að ef tillaga er innan verndarsvæðis þá sé sértaklega tekið á því t.d. í verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Fyrstu tillögur Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár byggðu að mestu leiti á tveimur útgáfum (rannsóknnum) þ.e. Vistgerðir á Íslandi, fjölrit nr. 54, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf , og Mikilvæg fuglasvæði, fjölrit 55 http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf .

Innan Rangárþings ytra eru nokkur svæði sem sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að njóta verndar en þau eru:

Torfajökull <http://ni.is/node/21638> Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi og ferskvatnsvistgerða.

Veiðivötn <http://ni.is/node/21637> Svæðið er tilnefnt vegna fugla.

Veiðivötn - Vatnaöldur <http://ni.is/node/19792> Tilnefnt vegna: Gígaraðir í mesta eldstöðvakerfi landsins og upptök marga af mestu hraungosum landsins á nútíma.

Ytri-Rangá <http://ni.is/node/21649> Svæðið er tilnefnt vegna ferskvatnsvistgerða.

Lambhagavatn <http://ni.is/node/21648> Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi.

Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á að hægt er að skoða svæðin í kortasjá <https://natturuminjaskra.ni.is/> .

Fyrir utan það sem kemur fram hér að ofan hefur Náttúrufræðistofnun unnið að því að birta skrá yfir svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og eiga að vera viðauki við náttúruminjaskrána. Sjá kortasjá hér: <https://serstokvernd.ni.is/> og hér:

<http://www.ni.is/frettir/2018/07/natturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja> .

Náttúrufræðistofnun þykir mikilvægt að koma framangreindu á framfæri sem fyrst við Rangárþing ytra þó framangreindar tillögur eigi eftir að fara í formlegt ferli skv. 36. gr. laga um náttúruvernd eins og fjallað er um hér að framan. Á það skal einnig bent að tillögurnar eru unnar sem hluti af alþjóðlegum skyldum Íslands samkvæmt Bernarsamningnum þ.e. sá hluti samningsins sem skyldar aðildaríki hans til að mynda verndarsvæði fyrir ákveðnar tegundir sem og vistgerðir/búsvæði. Þessar skyldur koma m.a. fram í því að mynda skipulegt net verndarsvæða sjá 35. gr. laga um náttúruvernd.

Til upplýsingar er einnig bent á umfjöllun um náttúruminjaskrá í Ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar fyrir árið 2017 bls. 18-21, http://utgafa.ni.is/Arsskyrslur/NI_Arsskyrsla_2017.pdf .

Rangárþingi ytra velkomið að hafa samband við Náttúrufræðistofnun ef frekari skýringa er óskað.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi almenn viðmið í lögum um náttúruvernd og vonar að

þau komi að gagni við áframhaldandi vinnu við skipulagið:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 09/19/2018 02:56:15 PM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: 1305001 - Endurskoðun aðalskipulags Rang ytra

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 19.09.2018 14:56 -----

From: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 19.09.2018 12:40
Subject: 1305001 - Endurskoðun aðalskipulags Rang ytra

Auglýsing um Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Rangárþings ytra skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2016-2028 og er endurskoðun á aðalskipulagi fyrir tímabilið 2010-2022. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Skipulagstillagan verður til sýnis í afgreiðslu sveitarfélagsins að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu og hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa í sama húsnæði. Á sama tíma verður tillagan aðgengileg hjá Skipulagsstofnun bæði í sýningarrými að Borgartúni 7b og á vefsíðunni www.skipulag.is. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins Rangárþings ytra, www.ry.is, undir glugganum „Skipulagsmál til kynningar“.

Athugasemdir við tillöguna. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 7. nóvember 2018. Skila skal inn skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið birgir@ry.is

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Kær kveðja,

Haraldur Birgir Haraldsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Suðurlandsvegi 1-3,

Rangárþingi ytra

Sími 488-7000

